



Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

Efni: Árlegt framlag fjármagns til nemendaráðs í hverjum grunnskóla frá árinu 2024

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. apríl 2023 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. febrúar 2023, um svohljóðandi tillögu Oskars Zelmenis fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts sem á fundi borgarstjórnar 14. febrúar 2023 var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að ákveðnu fjármagni verði veitt til nemendaráða árlega í hverjum grunnskóla frá árinu 2024 og að það verði notað til að lífga upp á skólaumhverfið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að nemendaráð grunnskóla geri árlega úrbótatillögur varðandi umhverfi skólans. Tillögur nemendaráðs verði teknar fyrir á fundi skólaráðs. Jafnframt verði haldnar vinnusmiðjur fyrir nemendaráð allra grunnskóla skólaárið 2023-2024 þar sem m.a. verði fjallað um hlutverk og verkefni nemendaráða.

Tillagan var samþykkt svo breytt

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar og Pírata þakka fyrir mikilvæga og góða tillögu frá ungmennaráði Breiðholts. Fallegt, lítríkt og blómlegt umhverfi innan veggja skólans skiptir máli fyrir líðan nemenda og starfsmanna. Þess vegna vilja fulltrúar meirihlutans auka vægi tillögunnar með breytingartillögu þar sem lagt til að nemendaráð grunnskóla geri árlega úrbótatillögur varðandi umhverfi skólans en tillögur nemendaráðanna verði teknar fyrir á fundi skólaráða. Jafnframt verði haldnar vinnusmiðjur fyrir nemendaráð allra grunnskóla skólaárið 2023-2024 þar sem m.a. verði fjallað um hlutverk og verkefni nemendaráða.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að heppilegra hefði verið að samþykkja upphaflegu tillögu ungmennaráðs Breiðholts. Eigi að síður eru ekki slíkir meinbugir á breytingartillögu skólaráðsfulltrúa Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata að ástæða sé til að afgreiða tillöguna í ágreiningi.



Reykjavíkurborg

Virðingafyllst

Heði Grínósson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Virðingafyllst

Heði Grínósson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs